



Fundur háskólaráðs 24. september 2001

Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundir, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jörunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 19.09.2001 08:44:43

Dags: 24.09.2001

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4302/4303/4041

Fax: 525 4038

15/2001

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, mánudaginn 24. september var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

1. Erindi til háskólaráðs

1.1 Tillaga frá framkvæmdastjóra stjórnslusviðs.

Háskólaráð felur rektor og framkvæmdastjóra stjórnslusviðs að hlutast til um breytingu á heiti reglugerðar fyrir Háskóla Íslands sem og breytingu á tilvísunum til sameiginlegra reglna í þeim fyrirmælum sem háskólaráð hefur samþykkt og birta ber í Stjórnartíðindum. – Samþykkt einróma.

1.2 Tillaga frá Dagný Jónsdóttur.

Háskólaráð lætur útbúa skýrar leiðbeiningar vegna lokaverkefna og –ritgerða við Háskóla Íslands. Þessar leiðbeiningar taki á helstu atriðum varðandi ferlið s.s. efnisöflun, úrvinnslu, uppsetningu og heimildanotkun. Leiðbeiningarnar gildi bæði fyrir nemendur og kennara. Kennslumálanefnd er falið að útfæra hugmyndina. – Samþykkt að vísa málinu til umsagnar kennslumálanefndar.

2. Mál til fróðleiks

2.1 Lagt fram bréf Eddu Magnúsdóttur, framkvæmdastjóra starfsmannasviðs, til menntamálaráðuneytisins ásamt reglum um greiðslur fyrir stundakennslu við Háskóla Íslands, sem rektor hefur staðfest, sbr. bókun háskólaráðs 13. september sl.

2.2 Lagt fram yfirlit yfir dómnefndarmál í gangi 24. september 2001. Háskólaráð óskar eftir skýringum á töfunum sem yfirlitið ber með sér.

2.3 Lögð fram dagskrá yfir hátíðahöld og viðburði á haustmisseri 2001 í tilefni af 90 ára afmæli Háskóla Íslands.

2.4 Svör félagsvísindadeildar við fyrirspurn Ármanns Höskuldssonar á fundi háskólaráðs 6. september 2001.

2.5 Lagt fram bréf forseta lagadeildar til rektors dags. 19. september sl. ásamt samþykkt deildarfundar og greinargerð.

2.6 Yfirlýsing frá Gísla Má Gíslasyni, Gunnlaugi H. Jónssyni, Róbert H. N. Haraldssyni og Þórólfi G. Matthíassyni varðandi niðurfellingu á aldursafslætti vegna kennslu.

3. Mál á dagskrá

3.1 Tillaga að bókun um tímamörk framgangs. – Frestað til 16. október.

3.2 Drög að líkani um skiptingu rannsóknafjárveitinga.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar og framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs, og gerði grein fyrir framlögðum drögum að líkani um skiptingu rannsóknafjárveitinga. Málið var rætt og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.

3.3 Fækkun brautskráninga. – Málinu frestað.

3.4 Kjör fulltrúa í fjármálanefnd, vinnumatsnefnd, áfrýjunarnefnd vegna vinnumats og alþjóðaráð.

Rektor bar fram tillögu um að eftirtaldir verði kjörnir fulltrúar í nefndir háskólaráðs:

Í vísindanefnd:

Kesara M. Jónsson prófessor, varamaður Bryndísar Brandsdóttur,
Þórunn Ósk Þorgeirsdóttir, doktorsnemi í lyfjafræði, fulltrúi stúdenta.
Samþykkt einróma.

Í jafnréttisnefnd:

Björg Thorarensen, stundakennari í lagadeild í stað Ragnheiðar Bragadóttur sem biðst undan að taka sæti í nefndinni.

Samþykkt einróma.

Í áfrýjunarnefnd vegna vinnumats:

Gísli Már Gíslason í stað Jóns Ólafs Skarphéðinssonar sem biðst undan að taka sæti í nefndinni.

Samþykkt einróma.

Í fjármálanefnd:

Fram fór leynileg atkvæðagreiðsla á milli þeirra sem tilnefndir voru. Var Rúnar Vilhjálmsson, tilnefndur af hjúkrunarfræðideild, kjörinn með 5 atkvæðum gegn 4.

Gylfi Magnússon, dósent í viðskipta- og hagfræðideild, varafulltrúi félagsvísindasviðs.

Samþykkt einróma.

Í alþjóðaráð:

Jón Torfi Jónasson, prófessor í félagsvísindadeild, formaður.

Samþykkt einróma.

Framkvæmdanefnd formanni til ráðuneytis:

Karítas Kvaran, forstöðumaður Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins,

Magnús D. Baldursson, aðstoðarmaður rektors,

Þórður Kristinsson, kennslustjóri.

Samþykkt einróma.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 15.10.